

Minnisblað

Til: Bæjarráð
Frá: Hafdís Gunnarsdóttir
Dags. 22. september 2021
Mnr. 2021040044



ÍSAFJARÐARBÆR

Svar við fyrirspurn Þóris Guðmundssonar, bæjarfulltrúa Í-lista, um snemmtæka íhlutun

Á fundi bæjarráðs þann 16. apríl 2021 var lögð fram fyrirspurn Þóris Guðmundssonar, bæjarfulltrúa Í-listans, þar sem óskað var skriflegra svara eftirfarandi spurninga varðandi snemmtæka íhlutun í skólakerfi sveitarfélagsins:

„Í síðustu kosningabaráttu voru öll framboð með það á sinni stefnuskrá að innleiða snemmtæka íhlutun í skólakerfi sveitarfélagsins. Í vinnu við síðustu fjárhagsáætlun sem var samþykkt 17. desember s.l. í bæjarstjórn kom fram að leggja þyrfti áherslu á innleiðingu snemmtækra íhlutunar. Í dag hefur enn ekkert borið á þessari vinnu. Mig langar því að spyrja eftirfarandi.

1. Hvernig er verklagið varðandi ungmenni sem þurfa aðstoð sálfræðings eða annars sérfræðings í skólakerfinu hjá Ísafjarðarbæ í dag?
2. Hversu langan tíma tekur það að jafnaði frá því að vitað er inngrips er þörf hjá ungmenni og þar til barnið er komið í viðeigandi ferli hjá sérfræðingi?
3. Hvernig er vinnu sveitafélagsins háttað varðandi innleiðingu snemmtækra.“

Snemmtæk íhlutun (e. early intervention) felur í sér að sem fyrst sé gripið inn í líf barns sem á í vanda, í hverju sem það felst. Þá er fyrst og fremst horft til þess að inngripið eigi sér stað áður en vandinn verður of stór eða jafnvel óafturkræfur. Þetta þýðir að forsendur fyrir snemmtækri íhlutun eru að allar stofnanir sem koma á einn eða annan hátt að þjónustu við börn sameinist í verkefninu og veiti þverfaglega þjónustu.

Með framangreint að leiðarljósi hóf félags- og barnamálaráðuneytið vinnu við nýja nálgun á þjónustu við börn. Sú vinna hefur skilað sér að „Farsældarfrumvarpið“ er orðið að lögum. Markmiðið er að brjóta niður múra á milli málaflokka og stofnanna og skylda þá sem koma að þjónustu við börn til að vinna saman. Þannig hefur þjónustan verið flokkuð niður í þrjú stig eftir umfangi þjónustunnar sem barnið er í þörf fyrir.

Ísafjarðarbær hefur komið á fót starfshópi til þess að undirbúa og koma með tillögur til bæjarstjórnar um með hvaða hætti þjónustan verður skipulögð í Ísafjarðarbæ og Súðavíkurbæ.

Það hefur skapað verulegan vanda að biðlistar eftir þjónustu hjá BUGL, Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins og Þroska- og hegðunarstöð eru mjög langir. Til þess að sveitarfélög geti unnið samkvæmt markmiðum nýju laganna er frumskilyrði að biðlistum verði eytt.

1. Hvernig er verklagið varðandi ungmenni sem þurfa aðstoð sálfræðings eða annars sérfræðings í skólakerfinu hjá Ísafjarðarbæ í dag?

Þegar áhyggjur vakna af þroska, hegðun eða líðan barns þá á umsjónakennari samkvæmt sérkennsluferli grunnskóla í Ísafjarðarbæ að ráðfæra sig við foreldra um næstu skref sem og skoða fyrirliggjandi gögn um barnið. Í framhaldi er leitað frekari úrræða innan skólans í samvinnu við deildastjóra stoðþjónustu.

Ef þörf er á frekari athugun á barninu er málinu vísað að fengnu samþykki foreldra/forráðamanna til nemendaverndarráðs, sem fjallar um málið og vísar svo því

áfram til sérfræðiþjónustu skóla- og tómstundasviðs, sem hefur samband við sérfræðinga utan skólans: Þeir meta svo hvaða athuganir eða greiningar eru gerðar.

2. Hversu langan tíma tekur það að jafnaði frá því að vitað er inngríps er þörf hjá ungmenni og þar til barnið er komið í viðeigandi ferli hjá sérfræðingi?

Það fer algjörlega eftir því hvurslags inngríps er þörf á. Um leið og í ljós kemur vandi hjá ungmenni í skóla þá grípa kennarar og starfsfólk skóla ásamt foreldrum strax inn í, með þau úrræði sem þau hafa. Það fer svo eftir eðli vandans hvort úrræði og þekking umsjónarkennara og foreldra sé nóg til að taka á vandanum eða hvort þurfi annan fagaðila s.s. þroskaþjálfara, talmeinafræðing eða skólasálfræðing. Við erum með biðlista eftir þjónustu hjá bæði talmeinafræðingi og skólasálfræðingum, en þar er forgangsraðað eftir alvarleika hvers máls. Þau sem eru í brýnustu þörf fyrir aðstoð fá hana fyrir. Biðlistar hjá talmeinafræðingi munu stytta nú þegar við göngum frá samningum við nýjan talmeinafræðing. Biðlistar hjá skólasálfræðingum eru mislangir og fara eftir alvarleika málsins. Þau sem eru í mestri þörf fyrir þeirra þjónustu bíða í 1-2 mánuði. Þó börn séu á biðlista er engu að síður unnið með vandann í skólanum svo biðlisti þýðir ekki að engin þjónusta sé veitt.

Hvað varðar þjónustu hjá sérfræðingum á vegum ríkisins þá getur það ferli tekið langan tíma, börn hafa beðið í jafnvel tvö og hálf ár eftir þjónustu. Frumgreining þarf að hafa átt sér stað í heimabyggð áður en umsókn er tekin til vinnslu hjá BUGL, Greiningarstöð og Þroska- og hegðunarstöð.

3. Hvernig er vinnu sveitarfélagsins háttáð varðandi innleiðingu snemmtækrar íhlutunar?

Undanfarin ár hefur í sívaxandi mæli verið unnið í teymum í þjónustu við börn. Helstu stofnanir í samvinnunni eru leik- og grunnskólar, félagsþjónusta, barnavernd, fötlunarþjónusta, heilsugæsla og geðteymi heilsugæslu ásamt foreldrum barnanna. Þá er ráðgjafi frá Greiningarstöð stundum aðili að teymum. Þessi vinna hefur gefið mjög góða raun og því ánægjulegt að samvinna á milli stofnana skuli vera orðin lagaskylda. Með innleiðingu „farsældarfrumvarpsins“ og þess verklags sem því fylgir munum við markvisst geta gripið fyrir inn í mál, með mikilli samvinnu þeirra kerfa sem vinna með barninu og svo heimilinu, sem spilar ég lykil hlutverk.

4. Hvert er markmið þeirra vinnu og hvenær á henni að vera lokið?

Markmið vinnunnar er og verður hið sama og markmið nýrra laga, að greina vanda barna og takast á við hann í samvinnu við barn og fjölskyldu þess. Innleiðingu nýrra laga á að vera lokið eftir þrjú ár.